

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/988**

2022/EES/20/11

frá 6. júní 2017

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarfsfyrirkomulag að því er snertir viðskiptavettvang með starfsemi í gístiaðildarríki sem er verulega mikilvæg (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 79. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum geti sinnt skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB á skilvirkan hátt í tengslum við starfsemi viðskiptavettvangs, sem orðin er verulega mikilvæg í gístiaðildarríkinu, er mikilvægt að liðka fyrir samstarfi þessara yfirvalda með ákvæðum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur til að koma á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi.
- 2) Lögbær yfirvöld ættu að nota stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur sem grunn að samstarfsfyrirkomulagi sínu en ættu að geta aðlagð þau með tvíhliða eða marghliða samningum að hverjum aðstæðum fyrir sig til að ná fram viðeigandi eftirlitssamstarfi.
- 3) Lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum ættu að fylgja stöðluðum verklagsreglum við sendingu og afgreiðslu samstarfsbeiðna, viðvarandi upplýsingaskipti, samráð og veitingu aðstoðar, án þess að það hafi áhrif á annað samstarfsform sem þessi lögbæru yfirvöld kunna að koma sér saman um, þ.m.t. samræmingu vegna ákvarðanatöku.
- 4) Samstarfsfyrirkomulag ætti í flestum tilvikum að fara fram í samræmi við ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 ⁽²⁾. Kveða ætti á um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur sem gera kleift að aðlaga þetta fyrirkomulag til að stuðla að virkari þátttöku lögbæra yfirvaldsins í gístiaðildarríkinu þar sem áhrifin á verðbréfamarkaðina og fjárfestaverndina eru meiri í lögsögu þess.
- 5) Samstarfsfyrirkomulagið ætti að byggja á bestu starfsvenjum, þ.m.t. meginreglunum sem settar eru fram í viðmiðunarreglunum um samstarfsfyrirkomulag og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) ⁽³⁾ og tengdu marghliða viljayfirlýsingunni um samstarfsfyrirkomulag og upplýsingaskipti ⁽⁴⁾, til að tryggja að öll svið sem skipta máli fyrir skilvirkt samstarf lögbærra yfirvalda séu meðtalin og að sérfræðikunnáttan sem lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin búa yfir sé nýtt til að tryggja snurðulaust samstarf yfir landamæli.
- 6) Þar sem stig eftirlitssamstarfs er háð eðli og umfangi breytinga og þróunar í starfsemi eða uppbyggingu viðkomandi viðskiptavettvanga, þykir rétt að mæla fyrir um lágmarksfjölda atburða þar sem notkun staðlaðra eyðublaða, sniðmáta og verklagsreglna milli lögbærra yfirvalda í heima- og gístiaðildarríkjum ætti að marka upphaf viðeigandi samstarfsfyrirkomulags.
- 7) Lögbær yfirvöld ættu, þegar þau óska eftir aðstoð með skýrslutöku, að hefja rannsókn eða framkvæma vettvangsskoðun, að gefa greinargóða skýringu á því hvers vegna þau þurfa slíka aðstoð við að sinna skyldum sínum sem lögbært yfirvald.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 13.6.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 349.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 frá 19. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 417).

(3) ESMA/2014/298. Aðgengilegt á: <https://www.esma.europa.eu/databases-library/esma-library>

(4) ESMA/2014/608. Aðgengilegt á: <https://www.esma.europa.eu/databases-library/esma-library>

- 8) Til að öll viðkomandi lögbær yfirvöld geti tekið þátt ættu önnur lögbær yfirvöld að hafa möguleika á að óska eftir aðild að fyrirbyggjandi samstarfssamningi, ef viðskiptavettvangurinn sem gerður hefur verið samstarfssamningur í tengslum við, verður, vegna síðari viðskiptalegrar þróunar, verulega mikilvægur í öðrum gístaðildarríkjum.
- 9) Ef, við sérstakar aðstæður, brýnna aðgerða er þörf til að uppfylla skyldur samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾, eða til að tryggja stöðugleika markaða í aðildarríki, ættu staðlaðir samningar um samstarfsfyrirkomulag að gera lögbæru yfirvaldi kleift að uppfylla með hæfilegum fresti skyldur sínar samkvæmt slíkum samningum.
- 10) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾ um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Form og notkun á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir samstarfsfyrirkomulag

1. Lögbær yfirvöld í heima- og gístaðildarríki viðskiptavettvangs með starfsemi sem er orðin verulega mikilvæg í skilningi 2. mgr. 79. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu koma á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi með samstarfssamningi eins og sett er fram í I. viðauka.
2. Lögbærum yfirvöldum í heima- og gístaðildarríki er heimilt að aðlaga eða bæta við staðlaða samstarfssamninginn sem settur er fram í I. viðauka, til að tryggja að ákvæði hans hæfi þeim tilteknu aðstæðum sem kalla á samstarf.
3. Lögbær yfirvöld í heima- og gístaðildarríki skulu senda beiðnir um samstarf á því formi sem fram kemur í II. viðauka og skulu svara slíkum beiðnum á því formi sem fram kemur í III. viðauka.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Staðlaður samningur um samstarfsfyrirkomulag í tilviki þar sem starfsemi viðskiptavettvangs verður verulega mikilvæg í gístaðildarríki

Í þeim tilgangi að koma á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi milli **[lögbært yfirvald í gístaðildarríki]** (yfirvald í gístaðildarríki) og **[lögbært yfirvald í heimaaðildarríki]** (yfirvald í heimaaðildarríki) í tengslum við starfsemi **[viðskiptavettvangur]** (viðskiptavettvangurinn) sem er verulega mikilvæg fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í **[gístaðildarríki]** (gístaðildarríkið), hafa yfirvöldin í heima- og gístaðildarríkinu (yfirvöldin) gert með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Tilgangur og almenn ákvæði

Tilgangur þessa samnings er að setja ramma um samstarf **[lögbært yfirvald í heimaaðildarríki]** og **[lögbært yfirvald í gístaðildarríki]** sem varðar beitingu valdsviðs hvors þeirra um sig í tengslum við starfsemi **[viðskiptavettvangur]** sem er orðin verulega mikilvæg í **[gístaðildarríki]**. Heimilt er að samningur þessi sé viðbót við annað samstarfsfyrirkomulag milli yfirvaldanna.

2. gr.

Umfang samstarfs

1. Yfirvöldin hafa komið sér saman um eftirfarandi form samstarfs:

[færa skal inn samstarfsformin sem yfirvöldin hafa komið sér saman um].

2. Yfirvöldin hafa komið sér saman um að starfa saman í tengslum við ákvarðanir sem varða einhvern eftirfarandi atburða þegar þeir hafa þýðingu fyrir viðskiptavettvanginn: [velja skal valkosti hér að neðan í samræmi við umfang samstarfsins]

bandalagsmyndanir, samruna, meiriháttar fjárfestingar, opnun eða lokun viðskiptavettvangsins eða verulegs hluta hans	
breytingu, veitingu, synjun eða niðurfellingu aðgangs fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanginn	
breytingar á eignarhaldi sem fela í sér breytingu á yfirráðum, fyrirtækjaskipulagi, stjórnarháttum og aðrar ráðstafanir til samþættingar eða endurskipulagningar varðandi viðskiptavettvanginn	
brottvikningar eða skipanir í stjórn eða eftirlitsstjórn viðskiptavettvangsins	
mikilvægar nýjar viðskiptareglur eða breytingar á gildandi viðskiptareglum sem varða, sér í lagi, markaðsaðgang fyrir fjárfesta frá gístaðildarríkinu eða skráningu verðbréfa skráðra félaga frá gístaðildarríkinu	
verulegar breytingar á kerfum og stjórnækjum viðskiptavettvangsins, þ.m.t. upplýsingatæknikerfum, eftirlitstækjum endurskoðunar og fyrirkomulagi áhættustýringar	
verulegar breytingar, þ.m.t. við útvistun, á tilföngum viðskiptavettvangsins í formi fjármagns, mannaúts og tækni	

beitingu eftirlitsheimilda eins og lýst er í e-, f-, h-, k-, l-lið, m- til q-liðar, s- og t-lið 2. mgr. 69. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾ , sem hefur veruleg og mikilvæg áhrif á viðskiptavettvanginn eða þátttakendur hans	
beitingu viðurlaga vegna brota sem um getur í 70. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem hefur veruleg og mikilvæg áhrif á viðskiptavettvanginn eða þátttakendur hans	
hvers kyns annan atburð [lýsið atburðinum]	
<p>(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).</p>	

3. gr.

Verklagsreglur um sendingu og úrvinnslu beiðna um samstarf

- Beiðni um samstarf og svar við beiðni um samstarf skulu vera skrifleg og á varanlegum miðli. Hvort tveggja skal stílað á tengiliðinn sem tilnefndur er skv. 3. mgr.
- Samskipti milli lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina um samstarf (yfirvaldið sem leggur fram beiðnina) og lögbæra yfirvaldsins sem beiðnin um samstarf hefur verið send til (yfirvaldið sem beiðninni er beint til) skulu fara fram á sem hentugastan hátt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, magn þess efnis sem þarf að miðla og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina.
- Að því er varðar þennan samning skal hvort yfirvald um sig tilnefna einn eða fleiri tengiliði til að sinna samskiptum.
- Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina um samstarfs skal senda hana á því formi sem kveðið er á um í II. viðauka framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 ⁽¹⁾ og láta fylgja þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þeim viðauka og sér í lagi taka fram hvaða þýðingu samstarfið sem sóst er eftir hefur fyrir virkni markaða og/eða fjárfestavernd í gístaðildarríkinu, sem og atriði sem varða þagnarskyldu um þær upplýsingar sem kann að verða aflað. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal án tafar veita allar nánari útskýringar sem óskað er eftir skv. b-lið 5. mgr.
- Við móttöku beiðni um samstarf skal yfirvaldið sem henni er beint til gera allt eftirfarandi:
 - staðfesta móttöku beiðninnar um samstarf eins fljótt og auðið er, a.m.k. innan 7 almanaksdaga frá móttöku hennar, og tilgreina samskiptaupplýsingar tengiliðar og, sé það unnt á því stigi, áætlaðan svardag,
 - óska eftir nánari skýringum í hvaða formi sem er eins fljótt og auðið er, sé það í einhverjum vafa um efni beiðninnar um viðkomandi samstarf,
 - svara beiðninni um samstarf tafarlaust á því formi sem sett er fram í III. viðauka, og veita þær upplýsingar sem þar er krafist.
- Um leið og ljóst verður að svari muni seinka um meira en 7 almanaksdaga umfram áætlaðan svardag sem tilkynntur er skv. a-lið 5. mgr. skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til gera yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina viðvart um það. Hafi yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreint að hún sé áriðandi skulu yfirvöldin koma sér saman um hve oft skuli veita uppfærðar upplýsingar að því er varðar þá beiðni.
- Yfirvöldin skulu hafa samráð sín á milli með skjóttum hætti til að leysa úr öllum vandkvæðum sem kunna að koma upp við afgreiðslu beiðni, þ.m.t. vegna kostnaðar.
- Til að tryggja stöðugar umbætur á samstarfinu skulu yfirvöldin, eftir því sem við á, veita hvort öðru endurgjöf um gagnsemi samstarfsins, útkomu mála sem samstarfs var leitað vegna og vandamál sem upp koma við slíkt samstarf.

(¹) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 frá 6. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarfsfyrirkomulag að því er snertir viðskiptavettvang með starfsemi í gístaðildarríki sem er verulega mikilvæg (Stjtíð. ESB L 149, 13.6.2017, bls. 3).

4. gr.

Svar við beiðni um samstarf

1. Yfirvald sem beiðni er beint til skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að verða við óskinni um samstarf án tafar. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal tryggja að allar nauðsynlegar aðgerðir gangi greiðlega fyrir sig, að teknu tilliti til flækjustígs beiðninnar og nauðsynjar þess að fá aðkomu þriðju aðila eða annars yfirvalds að málinu.
2. Yfirvaldi sem beiðni um samstarf er beint til er heimilt að synja henni ef það telur að viðkomandi aðgerð myndi fela í sér ráðstöfun sem yrði andstæð lögum. Neiti yfirvald sem beiðni er beint til að aðhafast skal það tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina um það og nota til þess sniðmátið í III. viðauka framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/988, ásamt ítarlegri lýsingu á aðstæðunum sem réttlæta ákvörðun þess.

5. gr.

Verklagsreglur um viðvarandi samstarfsfyrirkomulag

1. Yfirvöld skulu setja verklagsreglur um reglulega fundi, og fundi eftir þörfum, sem tilnefndir tengiliðir sitja, í þeim tilgangi að stjórna samstarfsfyrirkomulaginu á skilvirkan hátt.
2. Yfirvald sem beiðni er beint til skal tilkynna yfirvaldinu sem leggur hana fram eins fljótt og auðið er um allar sérstakar aðstæður sem komið geta í veg fyrir að það uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og um aðgerðir sem gripið er til í því tilliti, ef einhverjar eru.

6. gr.

Verklagsreglur um samráð

1. Yfirvöldin skulu hafa með sér samráð áður en þau taka ákvarðanir í tengslum við þá atburði sem valdir eru skv. 2. mgr. 2. gr.
2. Sendi yfirvaldið sem beiðninni er beint til yfirvaldinu sem leggur hana fram, tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. í tengslum við atburði sem valdir eru skv. 2. mgr. 2. gr. skulu yfirvöldin a.m.k. hafa með sér samráð um eftirlitsnálgunina sem beitt er á viðkomandi atburð og um niðurstöðuna sem búist er við.

7. gr.

Verklagsreglur um aðstoð: beiðnir um skýrslutöku af einstaklingi

1. Hyggist yfirvald sem leggur fram beiðni óska eftir skýrslutöku af einstaklingi skal það hafa samráð við yfirvaldið sem það hyggst senda beiðnina um allt eftirfarandi:
 - a) hvers kyns lagalegar takmarkanir eða hömlur og mismun á kröfum um málsmeðferð,
 - b) réttindi þeirra einstaklinga sem skýrslur verða teknar af, þ.m.t., eftir atvikum, atriði sem varða það að fella ekki á sig sök,
 - c) þörfina á þátttöku starfsfólks yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina til að fylgjast með eða sem virkra þátttakenda,
 - d) hlutverk starfsfólks yfirvaldsins sem beiðninni er beint til og yfirvaldsins sem leggur hana fram við skýrslutökuna,
 - e) spurninguna um hvort einstaklingurinn sem fyrirhugað er að taka skýrslu af eigi rétt á aðstoð lagalegs fyrirvarsmanns og, ef svo er, umfang afskipta fyrirvarsmannsins meðan á skýrslutöku stendur, þ.m.t. að því er varðar gögn eða greinargerð um skýrslugjöfina,
 - f) spurninguna um hvort skýrslugjöfin verði valkvæð eða skyldubundin,
 - g) spurninguna um hvort einstaklingurinn sem skýrslan verður tekin af sé vitni eða til rannsóknar,

- h) spurninguna um hvort unnt yrði að nota skýrslugjöfina í sakamáli og, sé það vitað, hvort hún verði notuð í sakamáli,
 - i) það hvort skýrslugjöfin sé tæk í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina,
 - j) skráningu skýrslugjafar og gildandi verklag,
 - k) verklag við vottun eða staðfestingu skýrslugjafa á skýrslugjöf sinni, þ.m.t. hvort slíkt fer fram að skýrslutöku lokinni,
 - l) verklag við afhendingu skýrslunnar frá yfirvaldinu sem beiðninni er beint til, til yfirvaldsins sem leggur hana fram, þ.m.t. framsetningarform og tímasetningar sem óskað er eftir.
2. Yfirvöldin skulu tryggja að fyrirkomulag sé til staðar svo starfsfólk þeirra á aðgerðasviði geti unnið á skilvirkan hátt og, sér í lagi, komið sér saman um allt eftirfarandi:
- a) áætlaðar dagsetningar,
 - b) viðbótarupplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar,
 - c) spurningalista sem leggja skal fyrir skýrslugjafann og endurskoðun hans,
 - d) ferðafyrirkomulag, þ.m.t. til að tryggja að yfirvöldin geti hist til að ræða málið áður en skýrslan er tekin,
 - e) ráðstafanir í tengslum við tungumál.

8. gr.

Verklagsreglur um aðstoð: beiðnir til yfirvalds um að hefja rannsókn eða framkvæma vettvangsskoðun

1. Ákveði yfirvaldið sem beiðni er beint til að hefja rannsókn eða framkvæma vettvangsskoðun að ósk yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skulu eftirlits- og rannsóknarathafnir yfirvaldsins sem beiðninni er beint til vera á ábyrgð og undir heildarstjórn þess sjálfs. Yfirvaldinu sem leggur fram beiðni og yfirvaldinu sem henni er beint til er heimilt að hafa samráð sín á milli um gagnlegustu leiðina til að framfylgja beiðninni um að hefja rannsókn eða framkvæma vettvangsskoðun. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal halda yfirvaldinu sem leggur hana fram upplýstu um gang rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar og afhenda niðurstöður sínar eins fljótt og auðið er.
2. Hafi beiðni um að hefja rannsókn eða framkvæma vettvangsskoðun verið lögð fram skulu yfirvaldið sem leggur hana fram og yfirvaldið sem henni er beint til hafa samráð sín á milli um kosti þess að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun.
3. Við ákvörðun um hvort hefja eigi sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til taka tillit til a.m.k. alls eftirfarandi:
 - a) allra annarra beiðna um samstarf frá yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina sem gætu gefið til kynna að viðeigandi sé að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun,
 - b) hvort þau séu hvort um sig að gera athuganir á máli sem nær yfir landamæri og sem sameiginleg rannsókn eða sameiginleg vettvangsskoðun væri hentugri fyrir,
 - c) atriða sem varða tvöfalt refsinaemi,
 - d) laga- og regluramma í hvorri lögsögu þeirra um sig, til að tryggja að þau skilji vel mögulegar hömlur og lagatakmarkanir á framkvæmd sameiginlegrar rannsóknar eða sameiginlegrar vettvangsskoðunar og á hvers kyns málsmeðferð í kjölfarið, þ.m.t. atriði sem tengjast meginreglunni um að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot (*ne bis in idem*),
 - e) nauðsynlegra ráðstafana sem varða stjórnun og leiðsögn rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,
 - f) ráðstafana til sameiginlegrar ákvörðunar málsatvika,
 - g) ráðstöfunar tilfanga og skipanir rannsakenda,

- h) aðgerða sem yfirvöldin þurfa að grípa til, sameiginlega eða hvort í sínu lagi,
 - i) þess hvort koma eigi á sameiginlegri aðgerðaáætlun og tímasetningum verkefna hvors yfirvalds um sig,
 - j) gagnkvæmrar miðlunar þeirra upplýsinga sem aflað er og upplýsingagjafar um útkomu einstakra aðgerða sem gripið er til,
 - k) atriða sem eru sértæk fyrir hvert tilvik.
4. Ákveði yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til að ráðast í sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun skulu þau gera allt eftirfarandi:
- a) koma sér saman um verklag framkvæmdar og loka hennar,
 - b) vera í áframhaldandi samskiptum til að samræma ferli upplýsingaöflunar og ákvörðun málsatvika,
 - c) starfa náið saman að framkvæmd viðkomandi sameiginlegrar rannsóknar eða sameiginlegrar vettvangsskoðunar,
 - d) veita hvort öðru gagnkvæma aðstoð við síðari stjórnvaldsmeðferðir að því marki sem heimilt er að lögum, þ.m.t. samræma málsmeðferðir eða aðrar stjórnvaldsaðgerðir sem tengjast niðurstöðu sameiginlegrar rannsóknar eða sameiginlegrar vettvangsskoðunar (stjórnsýslumál, einkamál eða sakamál) eða, eftir atvikum, mögulega sáttagerð.
5. Við upphaf sameiginlegrar rannsóknar eða sameiginlegrar vettvangsskoðunar skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til taka tillit til a.m.k. alls eftirfarandi:
- a) þeirra tilteknu laga sem gilda um viðfangsefni rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,
 - b) samningar sameiginlegrar aðgerðaáætlunar, þ.m.t. áfanga og úthlutunar ábyrgðar til að ná fram tilætluðum afrakstri vinnunnar og að teknu tilliti til áherslna hvors yfirvalds um sig,
 - c) tilgreiningar og mats á öllum lagatakmörkunum eða hömlum og öllum mismun á málsmeðferð að því er varðar rannsóknar- eða stjórnvaldsaðgerðir eða aðra málsmeðferð, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra sem sæta rannsókn,
 - d) tilgreiningar og mats á tilteknum reglum um þagnarskyldu lögmannna sem kunna að hafa áhrif á ferli rannsóknarinnar og á stjórnvaldsmeðferð,
 - e) almannatengsla- og fjölmiðlastefnu,
 - f) notkunar upplýsinga sem veittar eru eða skipst er á.

9. gr.

Takmarkanir vegna þagnarskyldu og heimil notkun upplýsinga

1. Yfirvöldin viðurkenna að allar upplýsingar sem þau skiptast á falli undir 76. og 78. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
2. Yfirvöldin skulu, með fyrirvara um gildandi lög og reglur í viðkomandi aðildarríki, fara með allar óopinberar upplýsingar sem varða samstarfsfyrirkomulagið eða upplýsingaskipti samkvæmt þessum samningi sem trúnaðarmál, þ.m.t. allt eftirfarandi:
 - a) sjálfa beiðnina um samstarf og efni þeirrar beiðni,
 - b) það sem fylgir í kjölfari slíkrar beiðni, þ.m.t. tvíhliða samráð milli yfirvaldanna og, eftir atvikum, allar upplýsingar sem varða synjun um að koma á samstarfsfyrirkomulagi,
 - c) óumbeðnar upplýsingar sem yfirvald veitir og þá staðreynd að slíkar upplýsingar voru veittar.
3. Yfirvöldin skulu tryggja að embættismenn sínir virði gildandi þagnarskyldu.

4. Telji yfirvaldið sem beiðninni er beint til að nauðsynlegt eða æskilegt sé, til að verða við beiðni um samstarf, að birta upplýsingar þess efnis að yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi gert það skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til því aðeins birta þær upplýsingar að það hafi rætt eðli og umfang upplýsinganna sem óskað er birtingu á við yfirvaldið sem leggur hana fram og fengið samþykki þess fyrir birtingunni. Veiti yfirvaldið sem leggur fram beiðnina ekki samþykki sitt fyrir birtingunni skal því þess í stað gefinn kostur á að afturkalla beiðni sína.

10. gr.

Breytingar, viðbótarákvæði og endurskoðun á þessum samningi

1. Breytingar og viðbætur við samning þennan eru heimilar með skriflegu samþykki beggja yfirvalda.
2. Yfirvöldin skulu reglulega hafa eftirlit með og endurskoða framkvæmd samnings þess og ráðgast sín á milli til að bæta virkni hans og leysa úr hugsanlegum vandkvæðum.

11. gr.

Aðrir samningsaðilar

Yfirvaldi sem verður yfirvald gístaðildarríkis eftir að samningur þessi tekur gildi er heimilt að óska eftir aðild að honum.

12. gr.

Úrlausn ágreinings

Yfirvöldin skulu leitast við að leysa allan ágreining sín á milli um samstarfið sem óskað er eftir eða kveðið er á um í þessum samningi eða um beitingu verklagsreglna sem settar eru fram í honum. Sé ókleift að leysa úr ágreiningi milli yfirvaldsins sem beiðninni er beint til og yfirvaldsins sem leggur hana fram í tengslum við samstarfið sem óskað er eftir eða veitt er skulu þau yfirvöld leysa hann með sáttameðferð sem ekki er bindandi sem mælt er fyrir um í c-lið 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾ um að koma á fót Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA).

13. gr.

Lok samnings

1. Samningur þessi er gerður til ótílekins tíma. Hann fellur úr gildi ef viðskiptavettvangurinn sem hann varðar er ekki lengur verulega mikilvægur í gístaðildarríkinu.
2. Yfirvald sem hyggst segja upp aðild sinni að samningi þessum skal veita hinu yfirvaldinu minnst 30 daga skriflegan fyrirvara.
3. Upplýsingabeirniðir sem berast fyrir gildistöku dags uppsagnar verða afgreiddar samkvæmt þessum samningi nema yfirvaldið sem segir upp aðild sinni óski annars.
4. Eftir að yfirvald segir upp samningi þessum skal það halda áfram að gæta þeirrar þagnarskyldu sem samningur þessi kveður á um.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

14. gr.

Opinber birting

Yfirvöldin skulu birta þetta samstarfsfyrirkomulag opinberlega á vefsetrum sínum. Einnig skal birta opinberlega allar breytingar eða viðbætur sem gerðar eru skv. 10. gr.

15. gr.

Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi á þeim degi sem yfirvöldin undirrita hann.

16. gr.

Undirskriftir

[yfirvald heimaaðildarríkis]

[yfirvald gistiaðildarríkis]

II. VIÐAUKI

Staðlað form fyrir beiðni um samstarf

	Tilvísunarnúmer:
	Dagsetning:
Almennar upplýsingar	
FRÁ:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem leggur fram beiðni:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
TIL:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem beiðni er beint til:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
Ágæti/ágæta [færa skal inn viðkomandi nafn]	
Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 ⁽¹⁾ er hér með óskað eftir brýnni [eyðið ef við á] aðstoð ykkar í tengslum við mál sem nánar er greint frá hér að neðan.	
Ég yrði þakklátur/þakklát fyrir að fá áður nefnda aðstoð í síðasta lagi [færa skal inn leiðbeinandi dagsetningu svars og ef um er að ræða beiðni sem brýnt er að svara skal færa inn frest sem veita skal upplýsingarnar innan] eða, sé það ekki mögulegt, fá upplýsingar um hvenær þið búist við að vera í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð.	

(¹) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 frá 6. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarfsfyrirkomulag að því er snertir viðskiptavettvang með starfsemi í gístaðildarríki sem er verulega mikilvæg (Stjttíð. ESB L 149, 13.6.2017, bls. 3).

Tegund aðstoðarbeiðni

Merkja skal við í viðeigandi reit(i)

- 1) Upplýsingagjöf
- 2) Skýrslutaka
- 3) Upphaf rannsóknar eða sameiginlegrar rannsóknar
- 4) Vettvangsskoðun
- 5) Annað

Forsaga og ástæður fyrir beiðni um aðstoð

.....
.....
.....
[færa skal inn ákvæði sérlega sem er(u) forsendur þess að yfirvaldið sem leggur fram beiðnina sé lögbært til að annast málið]

Beiðnin varðar aðstoð við

.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
[færa skal inn lýsingu á efni beiðninnar, tilgangi þess að óska eftir aðstoð, málsvikum sem liggja að baki rannsókninni og til grundvallar beiðninni og útskýringu á því hvernig hún nýtist]

Með vísan til

.....
.....
.....
.....
[ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana]

1. Upplýsingagjöf

a) Lýsing *[Til að gæta samræmis er lagt til að aðskilja fyrirsagnir undirliða frá leiðbeiningum (skáletruðum) um hvernig fylla á út í þessa undirliði.]*

.....
.....
.....
.....
.....
[Lýsa skal ítarlega þeim tilteknu upplýsingum sem óskað er eftir og ástæðum þess að þær nýtist og láta fylgja lista yfir þá aðila sem eru taldir búa yfir þessum upplýsingum eða staði þar sem unnt er að afla slíkra upplýsinga, sé það vitað.]

b) Auðkenning viðkomandi fjármálagerna

[Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast viðskiptum eða fyrirmælum/tilboði sem varðar tiltekinn fjármálagerning skal veita eftirfarandi upplýsingar.]

Tilgreining afurðar:
[færa skal inn nákvæma lýsingu á fjármálagerningnum, þ.m.t. ISIN-númerið]

Tilgreining aðila:
[tilgreina skal þá aðila sem tengjast viðskiptunum eða fyrirmælunum/tilboðinu, þ.m.t. aðilann sem á í viðskiptum með fjármálagerninginn eða fyrir hvers hönd viðskiptin eru talin hafa átt sér stað]

Dagsetningar:
[tilgreina skal milli hvaða dagsetninga viðskiptin eða fyrirmælin/tilboðin um þessa fjármálagerna voru lögð fram, þ.m.t. sé um að ræða umtalsverðan tíma, ástæður þess að allt tímabilið sé gagnlegt]

c) Viðkomandi aðilar

.....

[Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast atvinnurekstri eða starfsemi aðila skal veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er til að gera kleift að bera kennsl á þann aðila.]

d) Viðkvæmar upplýsingar

.....

[Ef huga þarf sérstaklega að viðkvæmni þeirra upplýsinga sem óskað er eftir skal gefa til kynna hve viðkvæmar þær upplýsingar sem beiðnin vísar til eru og greina frá öllum sérstökum varúðarráðstöfunum sem gera verður við öflun upplýsinganna vegna rannsóknarhagsmuna.]

e) Viðbótarupplýsingar

.....

[Hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi verið eða verði í sambandi við annað yfirvald eða löggæslustofnun í tengslum við efni beiðninnar eða annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi efni beiðninnar.]

f) Brýnt erindi

.....

[Sé um að ræða beiðni sem brýnt er að svara og setningu tímafrests skal skýra með fullnægjandi hætti hvers vegna erindið er brýnt og útskýra tímafresti sem yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hefur óskað eftir að fá upplýsingarnar innan.]

2. **Skýrslutaka**

a) Skýrslan er: eiðsvarin /staðfest með drengskaparheiti

b) Nauðsyn og tilgangur skýrslutöku:

.....

c) Nafn/nöfn einstaklinga sem skýrsla skal tekin af:

.....

[Færa skal inn upplýsingar um þá einstaklinga sem skýrsla verður tekin af til að gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að hefja boðunarferli þegar við á.]

d) Nákvæm lýsing á þeim upplýsingum sem sóst er eftir, þ.m.t. bráðabirgðaspurningalisti (liggi hann fyrir þegar beiðnin er send):

.....

e) Viðbótarupplýsingar:

.....

[Hvort starfsfólk yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina óskar eftir að taka þátt í skýrslutökunni, upplýsingar um þá fulltrúa yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina sem munu taka þátt og, eftir atvikum, lýsing á laga- og málsmeðferðarkröfum sem ber að hlíta til að tryggja að skýrslan verði lögmæt í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni.]

3. Upphaf rannsóknar eða sameiginlegrar rannsóknar

.....

[Varði beiðnin það að hefja rannsókn fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega rannsókn, þ.m.t. rannsóknartillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, rökstuðning hennar og áætlaðan ávinning fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til. Tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja rannsókn eða sameiginlega rannsókn, eftir atvikum.]

4. Upphaf vettvangsskoðunar eða sameiginlegrar skoðunar

.....

[Varði beiðnin það að ráðast í vettvangsskoðun fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega vettvangsskoðun, þ.m.t. tillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina um sameiginlegu vettvangsskoðunina, rökstuðning hennar og áætlaðan ávinning fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til. Tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja vettvangsskoðun eða sameiginlega vettvangsskoðun, eftir atvikum.]

.....

5. Takmarkanir vegna þagnarskyldu og heimil notkun upplýsinga

[Færa skal inn allar nauðsynlegar viðvaranir um þagnarskyldu og allar nauðsynlegar takmarkanir á heimilli notkun upplýsinga (að því tilskildu þessar takmarkanir samræmist lögum Sambandsins).]

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

III. VIÐAUKI

Staðlað form fyrir svar við beiðni um samstarf

	Tilvísunarnúmer:
	Dagsetning:
Almennar upplýsingar	
FRÁ:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem beiðni er beint til:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
TIL:	
Aðildarríki:	
Yfirvald sem leggur fram beiðni:	
Lögheimili:	
(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)	
Nafn:	
Sími:	
Tölvupóstfang:	
Ágæti/ágæta [færa skal inn viðeigandi nafn]	
Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 ⁽¹⁾ , höfum við afgreitt beiðni þína dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmerið [færa skal inn tilvísunarnúmer beiðni].	
Upplýsingar sem aflað hefur verið	
.....	
.....	
.....	
.....	
[Hafi upplýsinganna verið aflað skal setja þær fram hér eða útskýra hvernig þær verða veittar.]	

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 frá 6. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarfsfyrirkomulag að því er snertir viðskiptavettvang með starfsemi í gístaðildarríki sem er verulega mikilvæg (Stjtið. ESB L 149, 13.6.2017, bls. 3).

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til *[færa skal inn nafn yfirvaldsins sem leggur fram beiðni]* skv. *[færa skal inn ákvæði gildandi sérlega]* og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við *[færa skal inn ákvæði gildandi sérlega]*.

[Færa skal inn nafn yfirvaldsins sem leggur fram beiðni] skal fara að kröfum *[færa skal inn ákvæði gildandi sérlega]* að því er varðar takmarkanir vegna þagnarskyldu og leyfilega notkun þeirra upplýsinga.

.....
.....
.....

[Færa skal inn allar aðrar nauðsynlegar viðvaranir um þagnarskyldu eða allar nauðsynlegar takmarkanir á heimilli notkun upplýsinga (að því tilskildi þessar takmarkanir samræmist lögum Sambandsins)].

Virðingarfyllst,

[undirskrift]